

- 92 Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaup-
5. maí staðar, samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Vígfús Einarsson.

AUGLÝSING

93
10. maí

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Keflavíkurkaupþúni,
nr. 76 28. júní 1934.

Í 1. gr. gjaldskrárinnar í staðinn fyrir „kr. 20.00, kr. 30.00, kr. 40.00, kr. 50.00“ komi í sömu röð: kr. 40.00, kr. 60.00, kr. 80.00, kr. 100.00.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

94
15. maí

um breyting á reglum frá 10. febrúar 1943, um útbúnað skipa, sem eru í
förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

6. gr. orðist þannig:

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingum og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirætlum:

1. Skipið skal hafa annaðhvort varðskýli ofan á stýrishúsinu eða varðtunnu.
2. Skip, sem hafa loftskýtamann, skulu hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Utan á öllum hjargbátum og bátum í skipum yfir 100 rúmlestir skulu vera kork- eða kapokpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
4. Á botni hjargbáta, og annarra báta í skipum yfir 100 rúmlestir, skulu vera handlistar.
5. Í öllum bátum sé útbúnaður til að þétta leka.
6. Skipið skal hafa hjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í 3. gr., svo að þeir, ásamt hjargbátum skipsins, geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa hjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.
7. Skipum, sem vegna smæðar sinnar geta ekki, að áliti skipaskoðunarmanns, haft hjargfleka samkvæmt 3. gr., er í stað hans heimilt að hafa kork- eða málmfleka, enda sé fengið áður samþykki skipaskoðunarstjóra til þess. Útbúnaður þessara